

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 25. febrúar 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-1/2010:

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 4. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á kaffivél hjá Y en vélin segir hann gallaða. Gerir hann kröfu til þess að fá kaffivélina bætt með því verði sem sams konar vél kosti, fá nýja kaffivél eða að gert verði við þá sem hann keypti.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 6. janúar sl., gaf kæruneftndin Húsasmiðjunni ehf. kost á andsvörum og bást þau 13. janúar. Með bréfi, dags. 14. janúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bást þær 20. janúar. Með bréfi, dags. 22. janúar sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í gögnum sem álitsbeiðni fylgdu segist álitsbeiðandi hafa keypt kaffivélina á kr. 60.000 í lagerhreinsun hjá Y rétt eftir jól 2008. Álitsbeiðandi segir í tölvupósti frá 29. desember 2009 að viðgerðarverkstæði hafi sagt kaffivélina ónýta, en til væru 3 sams konar vélar á Akureyri og væntanlega er þar um verslun Y að ræða. Sér hafi litist illa á það þar sem hann hafi þurft að nota kaffivélina um áramótin. Sér hafi verið boðin endurgreiðsla á því kaupverði vélarinnar sem hann hafi ekki viljað setta sig við. Sams konar kaffivél sé ekki til hjá Y og viti hann ekki hvort svo verði áfram, en auglýst sé verðið kr. 79.900 á sams konar vél. Ekki sé ágreiningur um ábyrgð seljanda en hann vilji aðeins endurgreiða kr. 60.000 en ekki kr. 80.000.

### **IV**

#### **Andsvör gagnaðila**

Í andsvörum lögmans Y kemur fram að óumdeilt sé að ekki sé hægt að gera við kaffikönnu álitsbeiðanda. Sams konar kaffivél og álitsbeiðandi keypti sé ekki lengur til sölu hjá Y og verði ekki framvegis. Því sé seljandanum ómögulegt að afhenda eins kaffikönnu. Álitsbeiðanda hafi mátt vera ljóst þar sem hann hafi keypt kaffivélina á lagerhreinsun að slíkar vélar yrðu ekki til sölu framvegis. Álitsbeiðandi telji sig eiga rétt á því að fá endurgreiðslu á verði kaffivélar sem auglýst sé á heimasíðu Y og sé sambærileg þeirri sem hann hafi keypt. Ekki liggi fyrir gögn frá álitsbeiðanda um þetta og sé því þessi fullyrðing hans ósönnuð. Y hafi boðist til að endurgreiða kaupverð kaffivélarinnar og sé enn reiðubúin til þess þrátt fyrir að verðmætisrýrnun hafi orðið á kaffivélinni vegna notkunar álitsbeiðanda á henni. Sé álitsbeiðandi að krefjast skaðabóta megi vera ljóst að ekki sé hægt að miða við gangverð á sams konar vél þar sem hún sé ekki til.

## V

### Athugasemdir álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi gerir athugasemdir í 14 tölusetnum liðum en ekki þykir ástæða til þess að rekja þá sérstaklega. Þá segir orðrétt í athugasemdunum:

„Ég vísa til laga nr. 48/2003, aðallega VI. kafla, 29. og 30. gr. þar sem fjallað er um úrbætur og nýjar afhendingar vegna galla. Sérstaklega bendi ég á fyrstu málsgrein 29. gr. þar sem fjallað er um val neytanda. Einnig finnst mér rétt að benda á að hvergi í nefndum lögum er þess getið að það sé neytanda í óhag að kaupa vörur á tilboði hjá seljanda enda tilboð, afslættir eða hvers kyns útsölur ríkur þáttur í rekstri fyrirtækja.

Það skal tekið fram og hefur allan tímann verið ljóst að ég vildi bara fá nýja kaffivél og hafði engan áhuga á að fá endurgreitt og þaðan af síður inneignarnótu enda ljóst að ég hef ekkert við hana að gera ef Y er hætt sölu á kaffivélum.

Ég tel edlilegt að í ljósi þess tíma sem ég hef eytt í þetta mál þ.e. að sækja rétt minn gagnvart óbilgjörnum seljanda að ég fái greitt fyrir þann tíma. Ég áætla að um 10 tímar hafi farið í þetta og tímakaup mitt er 12.000 krónur.“

## VI

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Óumdeilt er að eftir u.þ.b. ársnotkun á kaffivél álitsbeiðanda kom fram galli á henni sem seljandi gat ekki gert við og var því vélin álitsbeiðanda ónýtt.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla og segir í 1. mgr. eftirfarandi:

Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr.;
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.;

Eins og í upphafi er rakið krefst álitsbeiðandi þess í álitsbeiðni að fá vélinu bætt með því verði sem sams konar vél kosti, fá nýja kaffivél eða að gert verði við hana. Í athugasemdum hans kemur fram að hann hafi „allan tímann“ viljað fá nýja kaffikönnu og verður að miða við að það sé aðalkrafa hans, en aðrar kröfur til vara.

Samkvæmt b-lið 26. gr. neytendakaupalaga, sem að framan er rakin, getur neytandi sem keypt hefur gallaðan söluhlut valið á milli þess að fá bætt úr gallanum eða fá nýjan söluhlut afhentan og er um það vísað til 29. gr. laganna. Fyrsta málsgrein 29. gr. hljóðar svo:

„Neytandi getur valið á milli þess að krefja seljanda um úrbætur á galla á eigin reikning eða krefjast nýrrar afhendingar af seljanda. Þetta á ekki við ef fyrir hendi er hindrun sem

seljandi ræður ekki við eða það hefur í för með sér ósanngjarnan kostnað fyrir álitsbeiðanda.

Í skýringum við 29. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 48/2003 segir m.a. eftirfarandi:

„Skylda seljanda til nýrrar afhendingar felur í sér skyldu seljanda til að afhenda nýjan hlut sem samsvarar söluhlut.“

Með tilliti til þessarar skýringar er það álit kærunefndarinnar að framangreinda lagagrein eigi að skýra svo að skylda seljanda til þess að afhenda nýjan söluhlut sé áfram fyrir hendi þótt ekki sé unnt að afhenda nákvæmlega sams konar hlut og neytandi hefur keypt á sínum tíma heldur nái þessi skylda einnig til þess að afhenda sambærilegan söluhlut að gæðum og þann keyptur var. Sé það hins vegar ómögulegt eða hefur ósanngjarnan kostnað í för með sér fyrir seljanda á neytandinn rétt á því að fá greiddar bætur fyrir það tjón sem hann verður fyrir af þeim sökum.

Álit kærunefndarinnar í þessu máli er það að seljanda, Y, beri skylda til þess að afhenda álitsbeiðanda nýja sams konar kaffivél og hann keypti hjá fyrirtækinu á árinu 2008 eða sambærilega kaffivél að gæðum. Sé það ekki unnt af því að hindrun stendur því í vegi, sbr. ákvæði 1. mgr. 29. gr. neytendakaupalaga, er það álit kærunefndarinnar að álitsbeiðandi eigi rétt á skaðabótum samkvæmt e-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003 Löggin verður enda að skilja svo að sé eitt af þeim úrræðum sem neytandi vill grípa til óframkvæmanlegt af hálfu seljanda sé seljandi þar með ekki laus allra mála heldur geti neytandi gripið til annarra úrræða sem kveðið er á um í 1. mgr. 26. gr. laganna og í þessu tilfelli sé því rétt að taka afstöðu til varakrafna álitsbeiðanda. Í e-lið 1. mgr. 26. gr. er vísað til 33. gr. laganna þar sem segir að neytandi geti krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann bíður vegna galla á söluhlut.

Við ákvörðun á bótafjárhæð, sem meta verður að álitum, þykir kærunefndinni rétt að styðjast við það sem fram kemur í álitsbeiðni að sambærileg kaffivél og álitsbeiðandi keypti sé auglýst hjá Y á verðinu kr. 79.900. Í þessari auglýsingu er reyndar sagt að verðið sé kr. 79.990 og að varan sé uppseld. Þar sem álitsbeiðandi þyrfti að öllum líkindum að greiða þessa fjárhæð fyrir sams konar eða sambærilega kaffivél er það álit kærunefndarinnar að honum beri þessi fjárhæð í skaðabætur vegna þess tjóns sem hann hefur orðið fyrir vegna galla á kaffivélinni. Kærunefndin álitur að eins árs not af kaffivélinni geti ekki talist veruleg not, sbr. ákvæði 1. mgr. 50. gr. laga nr. 48/2003, og því séu ekki forsendur til þess að lækka bótafjárhæðina vegna afnotanna.

Álitsbeiðandi segir í athugasemdum sínum að eðlilegt sé að hann fái bætur fyrir þau óþægindi sem hann hafi haft af viðskiptunum við Y. Sú krafa hefði átt að koma strax fram í álitsbeiðni svo að seljanda gæfist kostur á því að taka afstöðu til hennar í andsvörum sínum. Því til viðbótar er það svo að áliti kærunefndarinnar að álitsbeiðandi hefur ekki sýnt fram á bein útgjöld vegna þessara viðskipta, s.s. vegna þess að hann hafi fengið lægri laun vegna þessa en hann hefði annars fengið, en það er aðalforsenda fyrir bótum af þessu tagi að neytandi hafi orðið fyrir beinu fjárhagslegu tjóni, sbr. ákvæði 52. gr. laga nr. 48/2003 og skýringar við þá lagagrein í frumvarpi til laganna. Af framangreindum ástæðum verður að hafna þessari kröfu álitsbeiðanda.

**VII**  
**Álitsorð**

Seljanda, Y, er skylt að afhenda álitsbeiðanda, X, nýja sams konar kaffivél og hann keypti hjá fyrirtækinu á árinu 2008 eða sambærilega kaffivél að gæðum. Sé það ekki unnt ber seljanda að greiða álitsbeiðanda kr. 79.990 í skaðabætur.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir